



Bréfasafn 1954

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Utanríkisráðherra – Utanríkismál – Bréf - Hermóður Guðmundsson
- Edward Burnett Lawson - Hans G. Andersen - Agnar Kofoed-Hansen - Kristinn Guðmundsson -
Steingrímur Hermannsson - Ralph O. Bronfield – Raforkumálaráðuneyti - Sameinaðar verktakar –
Aðalverktakar – Varnarlið – Flugvallarstjóri Ríkisins - 1954

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-12, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Reyk., 17. ág. 1954

Sendi þú þér met greinaset-
göf um samtíð Scheingrins
Hermannssonar vit náttúru
amerísk og canadísk fyrir-
færi verðandi huganlega
nýtingu ísl. safstovnu til
iðnabús. Umfjörms er greint
frá festalagi 2 Sviss lundings
si interesseratir vörn í sama.

Svo vil ég gefa þessu árn
brinabasmáls, at yfirvektfr.
Aluminium hinir led er vonlan-
legur kringt him 24. p. m.

Kveðja

Kristinn Guðmundsson

Hl. dómsmála rithefna
Bjarni Benediktsson
Reyk.

Stutt Greinargerð um Athuganir, sem ég hef framkvæmt á Vegum Raforkumálaráðuneytisins á Hugsanlegum Stóriðnaði á Íslandi í samvinnu við Erlend Fyrirtæki.

Í sambandi við ráðgerða ferð fulltrúa utanríkisráðuneytisins til Bandaríkjanna í maí 1954, bað ég um leyfi raforkumálaráðherra til að ræða við nokkur fyrirtæki í Bandaríkjunum og Kanada, sem heyrzt hafði, að hefðu áhuga á hugsanlegum stóriðnaðarframkvæmdum hér á landi í samvinnu við Íslendinga. Mér var veitt slíkt leyfi bréflaga, en jafnframt var tekið fram, að viðræður mínar væru án skuldbindinga af ríkisstjórnarinnar hálfu.

Áður en ég fór utan viðaði ég að mér öllum fáanlegum upplýsingum um vatnsorku okkar og skilyrði til hagnýtingar hennar. Skrifaði ég skýrslu um þetta á ensku og lét fylgja með nauðsynleg kort.

Þann 1. maí kom ég til Bandaríkjanna. Átti að gefa mér til athugana minna eina viku áður en aðrir sendimenn frá varnarmála-deild utanríkisráðuneytisins kæmu.

Ég ræddi við eftirtöld fyrirtæki:

- Aluminium Limited
- Aluminum Company of America (Alcoa)
- Olin Industries og
- Reynolds Metals Co.

Auk þess heimsótti ég Dr. B.W. Gonser hjá rannsóknarstofnuninni Battelle Memorial Institute, en hann skrifaði árið 1951 á vegum stofnunarinnar skýrslu um iðnaðarmöguleika á Íslandi. Til Aluminium Limited og Reynolds Metals hafði ég kynnisbréf frá einstaklingum, sem áður höfðu rætt við þau. Í öllum tilfellum ræddi ég við yfirmenn fyrirtækjanna og yfirverkfræðinga, nema hjá Reynolds Metals Co., en þeir ráðamenn, sem ég vildi þar ræða við, voru

fjarverandi.

Í stuttu máli má segja, að öll ofangreind fyrirtæki höfðu mikinn áhuga fyrir þeim upplýsingum sem ég gat veitt og hugsanlegum framkvæmdum á Íslandi, en einkum Aluminium Limited og Olin Industries. Alcoa á engar aluminium verksmiðjur utan yfirráðasvæðis Bandaríkjanna og þó að þeir hefðu áhuga, kváðust þeir, að svo komnu máli, ekki sjá ástaðu til þess að hefja framleiðslu erlendis.

Ráðamenn Aluminium Limited höfðu áður látið í ljós áhuga á að senda verkfræðing hingað til lands til athugana. Ítrekuðu þeir nú þessi ummæli sín og var rætt um, að þeir kæmu hingað annað hvort nú í haust eða næsta sumar. Mun það vera aðeins stutt ferð til að kynnast almennum aðstaðum hér.

Olin Industries let einnig í ljós áhuga á að heimsækja Ísland í sumar. Nýlega hef ég þó fengið bréf frá þeim, þar sem tjáð er að ekki geti orðið úr frekari athugunum að sinni.

Eg ræddi nokkuð um hvaða fyrirkomulag væri hugsanlegt á slíkum stóriðnaði og nauðsynleg skilyrði. Yfirleitt virtast fyrirtækin álíta, að minnsta verksmiðja, sem þau hefðu áhuga á, yrði að framleiða um 80000 tonn af aluminium á ári. Slík verksmiðja þarf um 200000 til 220000 kw. virkjun. Verð orkunnar má varla vera yfir 3,2 auro á kwst. Ekkert virtist því til fyrirstöðu, að við virkjuðum sjálfir og seldum þeim orku samkvæmt löngum samningi. Ekki gat ég fengið ákveðnar upplýsingar um hve langur leyfistíminn yrði að vera.

Í öllum viðræðum mínum lagði ég áherzlu á, að ekki væri um að ræða neinar skuldbindingar af ríkisstjórnarinnar hálfu. Kvað ég hér fremur vera um að ræða áhuga ýmissa einstaklinga fyrir athugun á stóriðnaðarmöguleikum á Íslandi, en með leyfi og vitund ráðherra. Jafnframt skýrði ég nákvæmlega frá því hvaða leið sérleyfi til iðnaðar með erlendu fjármagni yrði að fara. Strax

eftir heimkomuna skýrði ég raforkumálaráðherra nákvæmlega frá ferðinni.


Nýlega komu hingað til lands tveir menn frá svissneska aluminium fyrirtækinu Aluminium Industrie A.G., Direktor Hardmeyer og Dr. Dinner. Dr. B.W. Gonser, sem fyrr er minnst á, hafði vakið áhuga þessa fyrirtækis á hugsanlegum iðnaðarframkvæmdum á Íslandi. Svisslendingarnir tóku skýrt fram, að koma þeirra hingað væri fyrsta byrjunarstig athugana þeirra og mætti helst líta á þá sem ferðalangana, forvitna um hag landsins almennt.

Með leyfi raforkumálaráðherra ferðaðist ég nokkuð með þeim um landið og aðstoðaði þá að afla þeirra upplýsinga sem þeir æsktu. Voru þær einkum um vatnsorku landsins og þjóðarbúskap almennt. Til dæmis, athuguðu þeir fjárlög tveggja síðustu ára nákvæmlega og þótti mikilvægt að þau voru hallalaus.

Það var athyglisvert við áætlanir Svisslendinganna, að þeir virtust álíta 20000 tonna verksmiðju heppilega. Yfirleitt virtust þeir allmikið íhaldssamari í skoðunum en áður nefnd bandarísk og kanadísk fyrirtæki.

Þegar þeir fóru lýstu þeir yfir mikilli ánægju með ferð sína. Jafnframt lofuðu þeir að láta íslensk stjórnarvöld vita von bráðar hvort fyrirtæki þeirra hefði áhuga á að athuga nánar stóriðnaðarframkvæmdir hér á landi í samvinnu við Íslendinga.

Reykjavík, 16. ágúst 1954.



Steingrímur Hermannsson
verkfræðingur

Reykjavík, 16. júní 1954

Herra Hermóður Guðmundsson.

Ágæti flokksbróðir.

Ég þakka þér bréf þitt frá 27. apríl 1954, sem nokkuð hefur dregið, að eg svaraði, þó að eg hyggi, að eitthvað hafi ^{talið} ~~dregið~~, að það kæmi í mínar hendur.

Tillögur um skólanefndarformenn munu ekki koma í mínar hendur, fyrr en að loknum hreppsnefndarkosningu. Enn hefi eg ekkert séð um það efni, sem þú ræðir í bréfi þínu. Þata hefi eg hins vegar haft af því, að umræddur klerkur leiki tveim skjöldum, þykist vera sjálfstæðismaður, er hann talar við gamla kunningja sína úr sjálfstæðis-
mannahóp, en sé ekki jafn eindreginn við aðra eða ^{ef svo vill verbest á stundum} ~~er til vil~~, þá ^á annarri skoðun. Slíkt eru engin meðmæli í mínum augum, þó að hér komi auðvitað fleira til greina. Því get ég lofað þér, að ^{helt samráð minum vanda heft við þig.} ~~gegn þínum tillögum mun ekki verða farið~~ nema ríka ráttæður séu til og þá eftir að málið hafi að nýju verið rætt við þig. Þú mátt treysta því, að málinu verði ekki ráðið til lykta gegn þínum vilja. Það eru einmitt bendingar slíkar, sem þú gefur, er við

í flokksforustunni þurfum á að halda, því að vitanlega er þekking okkar á margháttuðum efnum úti um land ærið takmökruð. En sannarlega er nógu erfitt að standa í máls-
vörn fyrir flokkin á stöðum eins og Þing-
eyjarsýslu, þó að leitast sé við að fylgja
ráðum þeirra, sem best ~~eru~~ kunnugir og örugg-
astir fyrirliðar sjálfstæðismanna, ~~eru þar~~.

Eg þakka þér svo áhuga þinn fyrr og síðar og vonast til, að fundum okkar eigi einhvern tíma eftir að bera saman, og að við getum ræðst við um sameiginleg áhugamál og landsins gagn og nauðsynjar. Með beztu kveðj-
um.

Þinn einlægur

ICELANDIC DELEGATION
TO THE
NORTH ATLANTIC COUNCIL

PARIS, 11. júní 1954.

Góði vinur,

Nýlega skrifaði Geir Hallgrímsson mér og bað mig að skrifa greinargerð um afskipti mín af Sameinuðum verktökum, stofnun þeirra og starfi. Ætlunin var að leggja greinargerðina fram í skattamáli Sameinaðra verktaka. Ég skrifaði Geir, að ég teldi ekki rétt að láta slíka greinargerð af hendi nema samkvæmt beinum fyrirmælum utanríkisráðuneytisins. Nokkru síðar fékk ég svo bréf frá ráðuneytinu, þar sem mér er falið að semja "skýrslu um stofnun og starfsemi Sameinaðra verktaka, þar sem þér f.h. ráðuneytisins höfðu forgöngu um stofnun samtakanna og síðar eftirlit með og samvinnu við samtökin, m.a. sem formaður varnarmálanefndar".

Það sem virðist vaka fyrir Sameinuðum verktökum er, að það komi fram í greinargerðinni "að Sameinaðir verktakar hefðu hlýtt fyrirmælum íslenskra stjórnvalda, t.d. um að hafa samtökin opin og hvað vinnumiðlun, skýrslugjafir til ríkisstjórnar eða varnarmálanefndar snertir o.s.frv." Raunar sýnist það út af fyrir sig ekki geta haft varðandi skattskylduna, því að a.m.k. í þeim málaferlum, sem nú standa yfir, fer fjármálaráðuneytið ekki fram á annað en skatt af ágóða. Ef ágóðinn hefur orðið minni en ella vegna samvinnunnar við ríkið, hlýtur skatturinn að vera miðaður við minni upphæð en ella. Vegna fyrirmála ráðuneytisins hefi ég samt tekið saman stutt yfirlit yfir gang málna. En þar sem störf þessi voru unnin undir þinni stjórn, langar mig til að biðja þig um að lesa uppkastið og láta mig vita, hvort þér finnst frásögnin gefa rétta mynd. Ef til vill má segja, að greinargerðin sýni það aðallega, að Sameinaðir verktakar ættu að greiða skatt, þar sem svo mikið hefur verið fyrir þá gert. Mun ég ekkert frekara gera í málinu, fyrr en ég heyri frá þér.

Vegna afskipta Guðmunds Í. Guðmundssonar af þessum málum sendi ég honum einnig uppkastið til athugunar.

Með beztu kveðjum,

þinn einlægur,

Hans J. Andersen

Hr. dómsmálaráðherra
Bjarni Benediktsson,
R e y k j a v í k.

Með tilvísun til ofangreinds bréfs hins háa ráðuneytis, þar sem lagt er fyrir mig, vegna málaferla um skattskyldu Sameinaðra verktaka, að lýsa stofnun og starfsemi Sameinaðra verktaka, leyfi ég mér að skýra frá eftirfarandi:

Eftir að framkvæmdir hófust fyrir varnarliðið á grundvelli varnarsamningsins frá 1951 varð ljóst, að sá háttur, sem áður hafði verið á framkvæmdum Bandaríkjanna á Íslandi, væri óhagkvæmur. Áður hafði Bandaríkjastjórn eða fulltrúi hennar látið amerískt byggingafélag sjá um allar framkvæmdir og hafði það félag eftir því sem því hentaði ráðið í sína þjónustu íslenska starfsmenn. Þótti nú hentara að starfsemi ameríska félagsins yrði takmörkuð og að íslenskir verktakar tæki í vaxandi mæli að sér framkvæmdirnar fyrir varnarliðið. Í umræðum um þetta mál kom sú skoðun fram hjá varnarliðinu, að erfitt myndi að eiga við marga verktaka hvern í sínu lagi og yrði því framkvæmd þessara mála því einfaldari og auðveldari, ef hægt væri að semja við fáa aðila. Niðurstaðan varð sú, að ákveðið var að vinna að stofnun samtaka þeirra aðila íslenskra, sem til mála gætu komið í þessu sambandi. Fól ríkisstjórnin mér síðan að hafa forgöngu um að slík samtök yrðu mynduð og var í því skyni kvaddur saman fundur formanna iðnfélaga í Reykjavík og fulltrúa byggingafélaga þar. Á þeim fundi skýrði ég frá því, að miklar framkvæmdir væru í

undirbúningi á vegum varnarliðsins og að ríkisstjórnin teldi hagkvæmt, að þeir íslenskir aðilar, sem hug hefðu á og tók til þess að taka að sér framkvæmdir þessar, mynduðu með sér samtök til þess að tryggja það, að aðstaðan yrði sem sterkust til að ná eins miklu af framkvæmdunum og hægt væri að anna í íslenskar hendur. Samtök þessi yrðu að vera opin, þannig að enginn aðili, sem uppfyllti hin almennu skilyrði, yrði útilokaður frá þátttöku. Fulltrúar byggingar-iðnaðarins voru sammála um, að þetta væri rétt stefna og einnig voru menn sammála um, að hér væri ekki um venjulegt gróðafyrirtæki að ræða, því að enda þótt einskönar einokunar- aðstaða væri sköpuð með því að útiloka samkeppni og undirboð innanlands, þá myndi misnotkun þessarar aðstöðu einungis leiða til þess fyrir eða síðar, að verkin yrðu falin amerískum byggingafélögum, svo sem heimilt varð að teljast samkvæmt varnarsamningnum. Yrði því stefnan að vera sú, að íslenskir iðnaðarmenn tækju að sér þessi störf að verulegu leyti til þess að koma í veg fyrir það óhagræði, sem leiddi af óhæfilegum fjölda erlendra byggingamanna á Íslandi, fyrir þjóðfélagið. Réttta sjónarmiðið væri því, að verkið mætti ekki fara fram úr kostnaðarverði að viðbætti lágrí þóknun. Á grundvelli þessara umræðna voru síðan Sameinaðir verktakar stofnaðir, og tóku þeir síðan að sér framkvæmdir í vaxandi mæli fyrir varnarliðið. Hafði ég fyrir hönd utanríkisráðuneytisins

eftirlit með þeim viðskiptum, þangað til varnarmálanefnd var stofnuð, þá tók hún við þeim störfum.

Vorið 1952 komu fulltrúar hersins á fund varnarmálanefndar og skýrðu frá því, að búið væri að setja nýjar reglur um framkvæmdir á vegum ameríska hersins víðsvegar um heim. Reynslan hefði sýnt, sérstaklega í Afríku, að sú aðferð að semja við einstaka aðila um framkvæmdir þessar hefði leitt til margskonar óráðvendni og sukks og hefði því nú verið ákveðið að hverfa frá þessu formi og taka í þess stað upp útboð allsstaðar, þannig að tryggt væri með samkeppni að kostnaður yrði ekki óþarflega mikill. Skýrðu þeir jafnframt frá því, að fjölmenn nefnd væri væntanleg frá Washington til að ræða þessi mál nánar. Átti varnarmálanefnd síðar fund með þeirri nefnd, samkvæmt fyrirætlum ríkisstjórnarinnar og skýrði henni frá því, að hinar nýju reglur væru ekki framkvæmanlegar á Íslandi né væri heldur þörf á þeim þar. Var málið rætt fram og aftur en bandaríska nefndin taldi sig ekki hafa umboð til að veita undanþágu frá þessum reglum. Varð það því að ráði, að varnarmálanefnd færi til Washington til þess að eiga þar viðræður við æðstu stjórnvöld Bandaríkjanna í þessum efnum. Átti nefndin fyrst viðræður við Mr. Finletter, sem þá var ráðherra sá, sem fór með málefni flughers Bandaríkjanna, og síðar við aðra æðstu menn flughersins og verkfræðingadeildar hersins. Skýrði nefndin frá því, að vegna þess hversu íslenska þjóðin væri fámenn, væri mjög nauðsynlegt að losna við erlend áhrif eftir því, sem

við yrði komið. Sérstaklega væri óheppi-
legt, að mikill fjöldi amerískra byggingamanna
dveldist á Íslandi. Samkvæmt varnarsamningnum
hefði ríkisstjórnin áskilið sér rétt til að
takmarka stærð varnarliðsins sjálfs, jafnvel
þótt varnir landsins væri í þess höndum. Enn
ríkari ástæða væri til að takmarka fjölda
þeirra, sem einungis væri ætlað að vinna að
venjulegum byggingaframkvæmdum. Yrði því
að teljast áriðandi, að íslenskir verktakar
önnuðust framkvæmdir varnarliðsins, eftir því
sem frekast yrði við komið, enda fengi nefndin
ekki annað séð, en að varnarliðið hefði að
ýmsu leyti hagnað af því, bæði vegna þess að
launagreiðslur væru yfirleitt lægri á Íslandi
og samkvæmt varnarsamningnum ætti að greiða
þau laun, sem þar tíðkuðust og ekki síður
vegna þess, að því fleiri, sem hinir erlendu
menn væru, því hættara væri við árekstrum við
Íslendinga. Ef gengið væri út frá þessu og
um annað væri ekki að ræða, væri ljóst að
ógerningur væri að láta fara fram útboð milli
hinna tiltölulega litlu byggingafyrirtækja á
Íslandi, því að hvert í sínu lagi, myndu þau
einungis geta tekið að sér lítinn hluta verks-
ins, og jafnvel þótt hugsanlegt væri, að verkið
yrði þannig bútað niður, að allir gætu haft
eitthvað, þá myndi allt eftirlit af hálfu
ríkisvaldsins og varnarliðsins verða miklu
erfiðara og jafnvel óframkvæmanlegt. Það væri
mjög mikið hagsmunamál fyrir Íslenzku þjóðina,
að þessar framkvæmdir yrðu ekki til þess að
skapa verðbólgu í landinu og teldi ríkis-

stjórnin í því sambandi hagkvæmt að gera einn íslenzkan aðila ábyrgan fyrir framkvæmd þessara mála. Gæti þá stjórnin haft nákvæmt eftirlit með því á hverjum tíma, hversu margir Íslendingar væru bundnir við þessi störf, sem væri mjög nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir að menn væru teknir frá nauðsynlegum framleiðslustörfum innanlands. Einnig væri þá auðveldara að hafa eftirlit með því, að rétt laun væru greidd og að íslenzkri vinnulöggjöf væri hlýtt í hvívetna, eins og umsamið var.

Hinir bandarísku fulltrúar kváðust skilja vel þau sjónarmið, sem fram hefðu verið sett en sögðust myndu eiga mjög erfitt með að verja það fyrir bandaríska þinginu, að slík undantekning væri gerð og sérstaklega myndi þar verða bent á, að með slíkri aðstöðu væri ekkert því til fyrirstöðu, að hinir íslenzku verktakar gætu haft óhæfilegan gróða af framkvæmdunum. Þessu svaraði varnarmálanefnd þannig, að sú reynsla, sem Bandaríkjastjórn hefði fengið hingað til af slíkri óráðvæðni hefði verið í sambandi við amerísk byggingafélög en ekki íslenzk. Íslenska stjórnin hefði ekki sízt vegna verðbólguhattunnar eins mikinn áhuga á því og Bandaríkjastjórn, að ekkert óhóf atti sér stað í sambandi við framkvæmdir á Íslandi. [og í því sambandi væri rétt að geta þess, að varnamálanefnd óskaði eftir tækifæri til að fylgjast með rekstri amerískra byggingafélaga á Íslandi, þannig að öruggt yrði, að sá rekstur myndi ekki heldur leiða til hneykslis.] Að því er íslenzku verktakana snerti, mætti ekki

gleyma því, að samtök þeirra væru stofnuð að tilhlutan Íslenszka ríkisins og að þeim hefði verið tilkynnt í upphafi, að starfsemin byggðist á þrem meginreglum. Í fyrsta lagi, að samtökin væru opin öllum þeim, sem hug hefðu á og tók til að vera þátttakendur. Í öðru lagi, að ekki mætti misnota aðstöðuna, heldur yrði að sjá um framkvæmdirnar fyrir kostnaðarverð að viðbættri hóflegri þóknun. Í þriðja lagi, að allur reksturinn væri háður eftirliti Íslenszkra stjórnvalda. Nú væri vitað, að varnarliðið og hið ameríska byggingafélag hefði mikinn fjölda sérfræðinga á Íslandi og væri ekkert hægara fyrir þá en að gera sér grein fyrir því hverju sinni, hvort nokkur misnotkun ætti sér stað. Ef svo væri, gætu þeir skýrt varnarmálanefnd frá því, enda hefði hún vikulega fund um þessi mál, ~~hvort sem er með yfirverkfræðingi og fulltrúum hershöfðingjans~~ og myndi þeim málum því verða fljótlega kippt í lag.

Var þrefað um þetta mál fram og aftur alllengi og féllust hinir bandarísku fulltrúar á þau sjónarmið, sem varnarmálanefnd hefði lýst og gaf verkfræðingadeild hersins fyrirmæli um að krefjast ekki útboðs á Íslandi, heldur semja við Sameinaða verktaka eins og áður.

Þegar varnarmálanefnd skýrði Sameinuðum verktökum frá niðurstöðu fundarins, brýndi hún það fyrir þeim, að ekki mætti til þess koma, að þessi aðstaða, sem væri algjör undantekning, væri á nokkurn hátt misnotuð, hvorki að því er snerti varnarliðið né Íslenszka ríkið. Í viðskiptum við

varnarliðið yrði að sýna fullkomna sanngirni og vinna verkin, eins og alltaf hefði verið fyrirhugað fyrir kostnaðarverð að viðbættri hóflegri þóknun. Að því er íslenska ríkið snerti yrði að fara eftir þeim fyrirmælum, sem gefin væru á hverjum tíma, varðandi þann fjölda Íslendinga, sem ráða mætti, launareglur, sem fara ætti eftir, og yfirleitt allt það, sem talið væri máli skipta. Ef eftir þessu yrði ekki farið, myndi varnarmálanefnd leggja til að samtökin yrðu leyst upp. Hafði varnarmálanefnd síðan stöðugt samband og reglulega fundi bæði með Sameinuðum verktökum og varnarliðinu, til þess að tryggja sem best eftirlit og sýndu Sameinaðir verktakar fullkomna samvinnu í þeim efnum. Fóru þeir í einu og öllu eftir óskum varnarmálanefndar og má í því sambandi bæði minna á verðlækkunir, þar sem þær reyndust nauðsynlegar og ráðningu atvinnulausra manna úr ýmsum héruðum landsins, án tillits til þess, hvort þær kæmu að fullu gagni í sambandi við framkvæmdirnar sjálfar. Einnig lögðu þátttakendur í margvíslegan kostnað samkvæmt til-
mælum nefndarinnar, t.d. vegna byggingu svefn-skála og mótuneytis, án þess að þá væri formleg trygging fyrir því, að nægileg verkefni myndu fást til endurgreiðslu. Var alltaf byggt á því sjónarmiði, að samtökin væru stofnuð með þjóðarhag fyrir augum. Gróðamöguleikar þátttakenda voru í öllum þeim tilvikum, sem mér er kunnugt um, látnir víkja fyrir því sjónarmiði.

Ég tel það ekki vera innan míns verka-
hrings að láta í ljós álit um það, hvort Sameinaðir
verktakar séu skattskyldir samkvæmt hinn almennu
Íslenzku skattalöggjöf. Hitt leyfi ég mér að
benda á, að í varnarsamningi Íslands og Bandaríkja-
anna, sem hefur lagagildi á Íslandi, er gert ráð
fyrir því sem meginreglu, að Bandaríkin greiði
ekki skatta og tolla á Íslandi. Þykir mér því
ekki ólíklegt, að Bandaríkjastjórn myndi gera
kröfu til þess að fá afhenta þá upphæð, sem Sam-
einuðum verktökum sem slíkum (þ.e. gagnstætt ein-
stökum þátttakendum) yrði gert að greiða.

Reply to a Statement by Minister K.B. Lawson on May 17th 1954.

The Icelandic Government is of the opinion, that further delay in arriving at a solution of the outstanding problems in the present negotiations, would be detrimental to future relations and cooperation. Therefore, our Government is ready to meet your Government on certain points, if that might help to reach an agreement on the basis of the Memorandum of Understanding and Minutes already submitted without material alterations.

We sum up the following points:

1. We propose that no alteration is made on item 4 in the Memorandum of Understanding dated March 25., concerning present prime contractor. The alteration would not be acceptable.
2. We cannot agree to the proposed additional clause to the Minutes of February 18. Both sides have stated their views on the matter in question and we do not anticipate any difficulty in the future if the matter is handled in the same spirit as was the case with the 1954 program.
3. We have no objection to the alteration of item 4 in your draft note of May-7, that understanding is reached with the commander of the Defence Force on relations between Icelandic Nationals and members of the Defence Force, provided that no change is made of the understanding already reached on this item.

We also agree that Press release on this item shall be worded in a way to meet the public relations problem in U.S.

4. Concerning the Memorandum of Understanding on Separation of areas at Keflavik Airport, of March 25., we consider the proposed alteration rather too vague, as no promise is given to undertake the construction work etc. which is fundamental for the separation of the areas.
5. We agree to raising the ceiling of total personnel to 6200, to meet military requirements.
6. With regard to the deployment of anti-aircraft artillery, you are free to select the sites and make periodic tests on those as may be required, but we understand that the anti-aircraft will be permanently stationed at Keflavik airfield until emergency might impose other arrangements.
7. We have agreed on the construction of the port of Njardvík when we have arrived at an overall agreement, provided that the plans for the port are approved by the Icelandic Government. Steps will be taken when an agreement is reached,

that the project can be proceeded ^{with} without delay.

- 8. Your request for anchor sites and areas for stockpiling materials will be carefully considered with a view to the necessary port protection in case of emergency. We propose that this matter is dealt with by the Icelandic defense department and experts appointed by you. We will try to meet your wishes as far as possible.

We hope that the above points will meet with your approval so that a final agreement can be reached.

- 1. We propose that the alterations to be made on item 4 in the Memorandum of Understanding dated March 20, concerning present price conditions, the alterations would not be acceptable.
- 2. We cannot agree to the proposed additional clause to the wishes of February 14. Both sides have stated their wish to be the matter in question and we do not anticipate any difficulty in the future if the matter is handled in the same spirit as was the case with the 1954 program.
- 3. We have no objection to the alteration of item 4 in your draft note of May 2, that understanding is reached with the commander of the defense force as relations between Iceland's military and members of the defense force, provided that no change is made in the understanding already reached on this item.
- 4. We also agree that plans related to this item shall be worked out as to work the entire relation problem in detail.
- 5. Instead of the agreement of designating an Separation of areas at Reykjavik airport, of March 20, we consider the proposed alteration rather the better, as we consider it plans to undertake the construction work which is fundamental for the separation of the areas.
- 6. We agree to raising the ceiling of total personnel to 4000, to meet military requirements.
- 7. With regard to the deployment of anti-aircraft artillery, you are free to select the sites and make periodic tests on those as may be required, but we understand that the anti-aircraft will be permanently stationed at Reykjavik airfield until emergency alert issues other arrangements.
- 8. We have agreed on the construction of the port at Hvalfjörður when it has arrived at an overall agreement, provided that the plans for the port are approved by the Icelandic country committee. Plans will be taken into account for the port.

HEADQUARTERS
ICELAND DEFENSE FORCE
APO No. 81, c/o Postmaster
New York, N. Y.

Office Of The Commander

10 March 1954

For your info.
RMS

MEMORANDUM FOR RECORD

1. On 9 March 1954 while returning from an official trip to Reykjavik, I was forced off the road by an Icelandic oil truck which failed to give way and became stuck along the side of the road. Shortly thereafter an Icelander accompanied by his wife and two children pulled up in an old model A Ford. This individual could speak English and as he was going toward Keflavik, which was about six miles further on, I asked him if he would be kind enough to notify the guard at the Keflavik gate to send a wrecker out to pull me back on to the road.

2. Shortly thereafter two American busses came along and promptly pulled the car back on to the road and I proceeded to the base. Upon arrival at the gate I was surprised to see the individual who had been driving the Ford and was more amazed when he told me that he had driven so rapidly that "he had broken his engine". This was made more amazing by the fact that the car seemed to break down most conveniently right at the entrance gate.

3. Obviously the trip of six miles could not have done any harm to his engine and I immediately suspected some ulterior motive. I asked him what he wanted and he said he had to get his family back to Reykjavik. I offered to send them in immediately. He stated he could not leave his car so I offered to have a mechanic take a look at it and if necessary tow him to Reykjavik. Upon inspection by competent mechanics, they found that the engine had a loose bearing which in their opinion had been loose for weeks or even months and that no damage could have resulted as stated by the individual. The oil level was satisfactory and other than a knock, the engine started and ran as good as could be expected for an engine of its vintage. I told the mechanic, however, that the Icelander had done me a favor and, therefore, if the man wanted the car towed, we would do it to maintain good relationship with the Icelandic people. The car could have returned under its own power. When the mechanic departed to get a jeep for towing purposes, this individual, who was later identified to me as the owner of the Tivoli in Reykjavik, came over and stated that what he wanted was a new small engine from the United States. I informed him immediately that this was completely out of the question and against the

HEADQUARTERS
KELAND OFFENSE FORCE
APO No. 81, c/o Postmaster
New York, N. Y.

law. It was reported to me by the mechanic who towed his car to Reykjavik that he stated that he intends to order a new engine and to submit the bill to the Commanding General for payment.

4. This obviously is a shakedown of the lowest order. It is most surprising to me as I have not run into this type of chiselling individual before during my tour in Iceland. This memorandum is made a matter of record so that in the event this individual attempts to present a claim, it will not be allowed.

1. On 9 March 1954 while returning from an official tour of Reykjavik, I was forced off the road by a heavy snow storm. The car failed to give way and became stuck. I was forced to wait for help thereafter an Icelandic mechanic arrived and towed the car up in an old model 4 Ford. This car was in poor condition and was going toward Hellavik, where I was to be met. I asked the mechanic if he would be kind enough to check the oil level and to send a wrecker out to pull me back to the road.

RALPH O. BROWNFIELD
Brigadier General, USAF
Commander

2. Shortly thereafter the mechanic called and I proceeded to the road. On arrival at the site I was surprised to see the individual who had towed the car and was more surprised when he told me that the car was broken and that the mechanic had broken his engine. This was very surprising to me as the car seemed to be in good condition when I left the mechanic's garage.

3. Obviously the trip of the car could not have been made to the garage and I immediately contacted some friends in Reykjavik who were at hand and he said he had to get his family and that he had to go to work immediately. He stated he would have his car as I offered to have a mechanic take a look at it and if necessary tow him to Reykjavik. Upon inspection by competent mechanics, they found that the engine had a loose bearing which in their opinion had caused the engine or even worse and that no damage could have resulted as caused by the individual. The oil level was satisfactory and other than a clean, the engine started and ran as good as could be expected for an engine of its vintage. I told the mechanic, however, that the Icelandic had done me a favor and, therefore, if he was going to tow the car, he would do it to maintain good relationship with the Icelandic people. The car would have returned under its own power. When the mechanic departed to get a job for towing purposes, this individual, who was later identified as being the owner of the Ford in Reykjavik, came over and stated that he would not work on a new small engine from the United States. I believe that immediately that this was absolutely out of the question and against the

Í sambandi við viðræður þær er átt hafa sér stað milli Íslendinga og Bandaríkjamanna að undanförmu vegna nótu íslensku ríkisstjórnarinnar frá 4. desember s.l., og vegna þess djúpsteða ágreinings, sem komið hefur í ljós að er milli mín f.h. íslensku flugmálastjórnarinnar og Bandaríkjamanna, í sambandi við framtíðarstarfsemi íslenska ríkisins á Keflavíkurflugvelli og framtíðarskipulag vallarins, þykir mér rétt að gera hestvirtri ríkisstjórn stuttlega grein fyrir máli þessu frá upphafi.

Er hverndarsamningurinn var til umræðu snemma vors 1951 var mér leyft að hafa þau afskipti af samningsgerðinni, er snertu beint flugmálaviðbæti samningsins (Annex IV). Í sambandi við þær umræður fór ég strax fram á það, að Íslendingar yfirtækju allt almennt flug á Keflavíkurflugvelli, en það hafði áður verið í höndum Bandaríkjamanna samkvæmt Keflavíkursamningnum.

Þar eð hér var um nýja, allvíðtæka og kostnaðarsama starfsemi að ræða tók það mig nokkurn tíma að sannfæra hestvirta ríkisstjórn um nauðsyn þess að yfirtaka umrædda starfsemi, og var það ekki fyrr en hestvirtur fjármálaráðherra hafði látið framkvæma allvíðtæka athugun á tillögum mínum, að samþykkt var að fallast á umræddar óskir mínar um yfirtöku hins almenna flugs á Keflavíkurflugvelli. Nokkru áður hafði ég af tilviljun frétt að búið veri að lofa Bandaríkjamönnum því, að við skyldum falla frá öllum kröfum um flutning íslensku Veðurstofunnar til Keflavíkurflugvallar, en um það lágu fyrir endanlegir og bindandi samningar við Alþjóðsflugmálastofnunina (ICAO).

Í memorandum um þessi mál, sem dags. var 3. marz 1951, og stílað var til ríkisstjórnarinnar benti ég á að nauðsynlegt veri, að ríkisstjórnin gerði Bandaríkjamönnum ljósan skýlausan eignar- og yfirráðarétt Íslendinga á öllum þeim mannvirkjum sem reist höfðu verið á Keflavíkurflugvelli, er samningurinn frá maí 1951 var gerður. Um þetta atriði sagði ég orðrétt í fyrrnefndu memorandum:

"Í öllum fjórum tillögum Bandaríkjamanna að Annex IV er gert ráð fyrir, að þeir láni Íslendingum skrifstofuhúsnæði og aðra aðstöðu fyrir skrifstofur flugmála, tollgæzlu, löggezlu, og aðra starfsemi hins opinbera. Hefur Bandaríkjamönnum þó verið bent á, að hér skjóti skökku við, þar eð lýðveldið Ísland eignist öll núverandi mannvirki á Keflavíkurflugvelli með niðurfellingu samningsins frá 5. október 1946, og því eðlilegast að það sé íslenska ríkisstjórnin, sem láti Bandaríkjamönnum það húsnæði og aðra aðstöðu í té, sem Íslendingar þurfa ekki nauðsynlega á að halda vegna starfsemi íslenska ríkisins á flugvellinginum, en ekki öfugt.

Þennan skilning hafa Bandaríkjamenn ekki viljað samþykkja og tálja, að eignirnar haldi áfram að vera eign Bandaríkjamanna þrátt fyrir skýlaus ákveði um hið gagnstæða í B grein samkomulagsins frá 6. maí 1949. En þar segir orðrétt:

"On termination of the Agreement the above mentioned exchange of notes of April 5th, 1949, will be consulted in implementing Article 11 of the Agreement and such immovable installations as are the property of the U.S. shall become without cost the property of Iceland."

Er mikilvægt að hæstvirt ríkisstjórn láti hið fyrsta koma Bandaríkjamönnum í skilning um hinn skýlausa rétt Íslendinga til núverandi mannvirkja Keflavíkurflugvallar, og skilst mér að íslenska ríkisstjórnin etli að notfæra sér þann rétt."

Í sambandi við þennan útdrátt úr fyrrnefndu memorandum etti að vera augljóst, að ég gerði þegar 2 mánuðum fyrir undirskrift sammingsins kröfu um negilegt húsnæði fyrir íslenska opinbera þjónustu á Keflavíkurflugvelli. Það var ekki fyrr en allöngu seinna, sem mér var tjáð, að íslenska ríkisstjórnin hefði lofað Bandaríkjamönnum fullum afnotum af og yfirráð yfir öllum íslenskum mannvirkjum á Keflavíkurflugvelli.

Að fengnum þeim upplýsingum fór ég strax með leyfi hæstvirts fyrrverandi utanríkisráðherra til sendiherra Bandaríkjanna með óskir um 5 hús, sem algert lágmark fyrir starfelið flugmálastjórnarinnar, og tókst eftir langa og erfiða samninga og fyrir sérstaka lipurð og vinsemd sendiherrans að fá afhent 3 hús af 5, sem ég þá fór fram á.

Í umræðunum undanfarna daga hafa Bandaríkjamenn talið það til afreka, að þeim skyldi takast að útvega okkur þessi umræddu 3 hús.

Eftir að hafa í fyrrnefndu memorandum gert grein fyrir skoðunum mínum í sambandi við umrædd mannvirki og reifað tillögur mínar um yfirtöku hins almenna flugs, leyfði ég mér að vanda á nauðsyn þess, að við héldum samninga vora við ICAO viðvirkjandi Veðurstofunni, en það mál varð þó ekki leyst í það skipti vegna fyrrnefnds loforðs íslensku ríkisstjórnarinnar.

Hinsvegjar var mér heimilað að vinna að framgangi málsins, en það þýðði að ég varð að dvelja meiri hluta sumarsins 1951 í Bandaríkjunum og Kanada til samninga um þetta atriði, og voru samningar um flutninginn loks undirritaðir um haustið. Er augljóst, að af hefði hlotist mikill álitshnekki og stórkostlegt fjárhagstjón, ef farið hefði verið að óskum Bandaríkjamanna í þessum efnum og Veðurstofunni meinaður flutningur til Keflavíkur.

Í sambandi við þar tillögur sem Bandaríkjamenn bera fram um algera aðgreiningu íslensku flugþjónustunnar og annarrar opinberrar starfsemi frá hernum, vil ég leyfa mér að benda á, að ef af þessu yrði myndi þar með raunverulega kippt fótunum undan starfsemi flugmálastjórnarinnar, þar eð hagsmunir Íslendinga í Annex IV eru beinlínis nátengdir starfsemi hersins á hinu sameiginlega svæði. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að sama máli gegnir um starfsemi Veðurstofunnar, þar eð hún byggir að verulegu leyti starfsemi sína á sömu forsendum, þ.e. náinni samvinnu við Bandaríkjamenn, en það fyrirkomulag er til hagsbóta fyrir báðar þjóðirnar og Alþjóðaflugmálastofnunina.

Er það einmitt þessi samvinna, sem gert hefur Íslendingum mögulegt að afsanna að hér veri um beina bandaríska herstöð að ræða, heldur veri flugvöllurinn fyrst og fremst almennur flugvöllur, en varnarliðinu hefði verið fengin nauðsynleg aðstaða á vellinum til varnar landinu og til þess að Bandaríkjamenn gætu staðið við skuldbindingar sínar gagnvart NATO. Hafa Bandaríkjamenn a.m.k. til skamms tíma viðurkennt þennan skilning vorn.

Í skjóli þessarar aðstöðu hefur íslenska flugmálastjórnin síðan unnið að því að yfirtaka af hernum smátt og smátt alla þá starfsemi, sem hún hefur getað og er nú svo komið, að Bandaríkjamenn hafa í meginagriðum fallið á, að Íslendingar yfirtaki þ mikilvegjar greinar til viðbótar, en þar eru:

1. Íslendingar stjórni einir allri flugumferð um Keflavíkurflugvöll, jafnt almennri sem herflugvélum.

2. Íslendingar annist alla afgreiðslu bandaríska herflutningavéla, auk hervéla annarra þjóða.

3. Flugvélvirkjar íslensku flugmálastjórnarinnar annist viðhald hervéla, þegar þeir eru ekki uppteknir við störf í þágu hins almenna flugs.

Auk þess hafa Bandaríkjamenn tekið liðlega í, að Íslendingar reki þjörgunarflugstarfsemi, en slíkt gæti einnig haft hina mestu þýðingu fyrir landhelgisgezlu.

Ef látið yrði undan þeirri kröfu Bandaríkjamanna að hrekja íslensku flugmálastjórnina út af hinu raunverulega athafnasvæði flugvallarins liggur í augum uppi, að tilgangalaust er að tala lengur um yfirtöku Íslendinga, jafnt á fyrrnefndum greinum sem öðrum. Sömu leiðis falla niður að sjálfu sér flest eða öll þau ákvæði í Annex IV, sem voru til hagsbóta fyrir Íslendinga og sem meðal annars hafa skapað flugmálunum tekjur, sem staðið hafa að verulegu leyti undir kostnaði við framkvæmdir flugmála hér innanlands undanfarin ár. Auk þess yrði íslenska ríkið að bera stórauknar byrðar í sambandi við rekstur nýrrar flugstöðvar, flugskýlis og gistihúss.

Hefur lausleg athugun leitt í ljós, að beinn taprekstur af slíkri flugstöð yrði ca. 4.7 milljónir kr. Kaup á húsgögnum og öðrum innanstokksmunum að viðbættum tækjum í flugskýli lágmark 5 - 6 millj. kr., auk tekjumissis er næmi u.þ.b. 3 millj. kr., vegna þess að niður félli öll þjónusta fyrir herinn. Þá yrði Veðurstofan að beta við sig 8 veðurfræðingum, og er engann veginn víst að Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) tæki þau útgjöld á sig.

Mál þetta hefur verið athugað mjög gaumgæfilega að undanfögnu af mér og þeim samstarfsmönnum mínum á Keflavíkurflugvelli, sem um þessi mál fjalla daglega, og er algert samkomulag um að vísa þessum tillögum Bandaríkjamanna frá, þar eð grundvöllur hinnar almennu flugstarfsemi raskast svo ef af þessu yrði, að það jafngildir að afhenda Bandaríkjamönnum allt flug á Keflavíkurflugvelli.

Niðurlagsorð.

Þar eð fyrrnefndur úgreiningur virðist fyrst og fremst tilkominn vegna hinna íslensku tillagna um algera einangrun varnarliðsins, vil ég leyfa mér að vekja athygli hestvirtrar ríkisstjórnar á, að í skýrslu minni frá 3. nóvember s.l. varaði ég mjög eindregið við hugmyndinni um algera einangrun Bandaríkjamanna. Leyfði ég mér að halda fram þeirri skoðun, að slík einangrun væri hvorki semandi né framkvæmanleg og byggði þá skoðun mína á 13 ára sambúðarreynslu minni við Bandaríkjamenn. Hestvirt ríkisstjórn taldi sér hinsvegar skylt að leggja hið mesta kapp á að aðgreina Bandaríkjamenn frá Íslendingum með þeim árangri, að nú á beinlínis að hrekja starfsemi íslenska ríkisins algerlega út af hinu raunverulega athafnasveði flugvallarins, og girða Íslendingar þar af, eins og væru þeir réttlausir í eigin landi. Yrði því þá jafnframt slegið föstu að Keflavíkurflugvöllur sé fyrst og fremst hernaðarflugvöllur.

Í sambandi við umræðurnar að undanfögnu um yfirtöku Íslendinga á rekstri radarstöðvanna o.fl. og afstöðu Bandaríkjamanna til þeirra mála ætti að vera augljóst orðið, að tilgangslaust er að reða þau mál í fullri alvöru við Bandaríkjamenn, án þess að Íslendingar séu jafnframt reiðubúnir að annast vopnaða vörzlu radarstöðvanna og annarra þeirra hernaðarmannvirkja, sem reist hafa verið af Bandaríkjamönnum hér á landi undanfarin ár. Virðast málin því komin á það stig, að úr því verði að fást skorið sem fyrst hvort grundvöllursé fyrir hendi fyrir slíkri takmarkaðri vopnum íslenskra ríkisstarfsmanna við fyrrnefnd störf.

Það er því eindregin skoðun mín, að lausn þessara mála sé ekki sú að breikka bilið milli Íslendinga og Bandaríkjamanna með einangrun og mannheldum gaddvírsgirðingum, heldur með því að heimila Íslendingum að takast á hendur eðlilegar skuldbindingar í sambandi við varnir landsins, þannig að í stað fyrirlitningar og gagnkvæmrar tortryggni skapist andrúmsloft gagnkvæmrar virðingar og vinsamlegrar samþúðar.

Reykjavík, 9. febrúar 1954.

Sjónvarp á Keflavíkurflugvelli.

Varnarliðið hefur farið þess mjög eindregið á leit, að íslensk stjórnvöld leyfi að reist verði sjónvarpsstöð á Keflavíkurflugvelli til afnota fyrir varnarliðsmenn, en leyfi til þess að reisa slíka stöð mun þegar vera fyrir hendi af hálfu bandarískra stjórnvalda. Er því haldið fram, að eftir að hinar nýju sambúðarreglur koma til framkvæmda sé nauðsynlegt að neytt sé allra tiltækilegra ráða til þess að hafa ofan af fyrir varnarliðsmönnum og gera þeim veruna á flugvellinum þarilega. Það er álit yfirmanna varnarliðsins að sjónvarp sé ákjósanlegasta og fljótvirkasta ráðið til að bæta úr þessu.

Því er haldið fram, að stöðin muni ekki þurfa að senda lengra en 10 mílur (eða 16 km) og að henni yrði komið fyrir á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

Steingrímur Hermannsson hefur leitað álits Sigurðar Halldórssonar, verkfræðings, sem kynnt hefur sér sjónvarp sérstaklega, og er það álit hans, að ekkert sér því til fyrirstöðu að beina sendigeislum niður á við og þannig takmarka þann fjarlægðarradius, sem stöðin getur sent til.

Ef miðað er við 16 km. fjarlægðarradius mundi Keflavíkurkaupstaður, Innri- og Ytri Njarðvík, Sandgerði og byggðin þar í grenn vera innan þessara fjarlægðar. Grindavík hinsvegar töluvert fyrir utan. Um aðra byggð er ekki að ræða fyrr en í Hafnarfirði, sem er í ca. 40 km. fjarlægð.

Að endingu skal það tekið fram, að varnarliðið treystir sér ekki til þess að koma á fót sjónvarpi, sem sent sé eftir leiðslum vegna kostnaðar.

25. júní 1954.

Í byrjun júní 1954 fóru fram byrjunarumræður milli utanríkisráðherra og fulltrúa Sameinaðra Verktaka um hugsanlegar leiðir til stofnunar Aðalverktaka. Á einum slíkum fundi afhenti ráðherra Sameinuðum Verktökum 2 tillögur til athugunar.

12. júní:

Almennur fundur Sameinaðra Verktaka í Vonarstrati 4 þar samþykkt heimild til stjórnar Sameinaðra Verktaka að gera félagssamning, þ.e.a.s. semja við ríkisstjórnina um fyrirkomulag Aðalverktaka.

16. júní:

Viðræðufundur milli utanríkisráðherra og forstöðumanns varnarmálanefndar og stjórnar og framkvæmdastjóra Sameinaðra Verktaka og Helga Þorsteinssonar frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga. Undirbúningsnefnd skipuð og tilnefndi Tómas Árnason frá utanríkisráðuneytinu, Helga Þorsteinsson frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga og Halldór Jónasson og Árni Snævarr frá Sameinuðum Verktökum. 3 viðræðufundir nefndarinnar haldnir sama dag.

18. júní:

Samin frásögn um árangurundirbúningsnefndarinnar, þar sem annað kemur ekki fram en væntanleg þátttökuhlutföll aðila í Aðalverktökum og væntanleg utanferð til viðræðna við verkfræðingadeild hersins.

19. - 21. júní:

Halldóri Jónssyni afhent uppkast Tómasar Árnasonar að félagssamningi Aðalverktaka.

23. júní:

Kl. 3 Stjórnarfundur Sameinaðra Verktaka um samningsuppkastið.
Kl. 5 Stjórn Sameinaðra Verktaka kölluð á fund í varnarmálaráðuneytið á Laugarvegi 114. Þar er lagt fram af Tómasi Árnasyni uppkast að félagssamningi, sem hann hafði samið einn. Eftir nokkra umræðu lýsti stjórn Sameinaðra Verktaka sig ekki reiðubúna að taka afstöðu til samningsins og bað um frest. Vegna utanfarar Tómasar Árnasonar og varnarmálanefndar næsta dag var frestur aðeins gefinn til kl. 10 sama kvöld. Frestinn notaði Sameinaðir Verktakar til að hafa samráð við hrl. Binar Ásmundsson og próf. Ármann Snævarr. Var Tómas Árnason kallaður á fund til Sameinaðra Verktaka kl. 9 ~~þetta sama kvöld~~ og lögðu lögfræðilegir ráðunautar Sameinaðra Verktaka áherslu á það við Tómas, að ekki yrði gengið endanlega frá félagssamningi þá um kvöldið vegna ófullnægjandi ákvæða í uppkasti

Tómasar Árnasonar.

Kl. 10 Mætti stjórn Sameinaðra Verktaka frkv.stj., Geir Hallgrímsson, Einar Ásmundsson, ~~Snævarr~~^{ÁRMANN} Snævarr til fundar í varnarmálaráðuneyti með Tómasi Árnasyni, Steingrími Hermannssyni, Helga Bergs, Helga Þorsteinssyni, Kristjóni Kristjónssyni, Vilhjálmi Árnasyni. Eftir töluverðar umræður, þar sem meðal annars kom fram ágreiningslaust af allra hálfu, að þar sem talað væri um áfrýjun til ríkisstjórnarinnar, væri átt við ríkisstjórnina í heild. Árangur þessa fundar var annars sá, að fallið var frá að ganga endanlega frá félagssamningi Aðalverktaka, og var í þess stað gert bráðabirgðasamkomulag þá um kvöldið, þar sem aðalaðtriði voru tilgreind og getið um, að ágreiningi væri hægt að skjóta til ríkisstjórnarinnar, en aftur á móti er talað um, að fulltrúi ríkissjóðs skuli vera formaður stjórnar Aðalverktaka. Í endanlegum félagssamningi stendur þó ríkisstjórn á báðum stöðum.

24. júní:

Kl. 11 Boðaður fundur í varnarmáladeild til þess að undirskrifa bráðabirgðasamkomulagið, en fundi frestað til kl. 2.

Kl. 2 Eftir nokkrar umræður var bráðabirgðasamkomulagið undirritað af öllum aðilum.

Töluvert eftir heimkomu Tómasar Árnasonar frá U.S.A. leitaði hann samstarfs við próf. Ármann Snævarr um samningu fullkomins félagssamnings.

20. september:

Samningsuppkast þeirra rætt á stjórnarfundum Sameinaðra Verktaka, en samningurinn ásamt viðbót var ekki endanlega undirritaður, fyrr en 10. nóvember.

Í september og október fóru fram umræður um einstök ákvæði félagssamningsins innan stjórnar Aðalverktaka, og bar þá m.a. á góma, hvort ástæða væri til að taka fram, að þegar talað væri um áfrýjunarrétt til ríkisstjórnarinnar, að átt væri við ríkisstjórnina í heild. Voru menn á eitt sáttir um, að slíkt væri óþarfi, þar sem orðalagið bæri það með sér. Það skal tekið fram, að ákvæðið um áfrýjunarrétt til ríkisstjórnarinnar, eins og sem allra flest önnur ákvæði, sem fólu í sér afskipti ríkisvaldsins af Aðalverktökum, voru tekin út úr félagssamningnum sjálfum og sett í viðbótasamning félagsins, þar sem bandarískir aðilar höfðu lagt á það ríka áherzlu, að Aðalverktaki væri sjálfstæð stofnun í sem minnstum tengslum við ríkisvaldið.